

## FUNDUR



Geirlaug Þorvaldsdóttir, hjá Hótel Holti.



Magnús Orri Schram, ráðgjafi hjá Capacent.

## Ferðapjónustan til umræðu í Hörpu

Íslandsstofa og Capacent stóðu fyrir fundi í vikunni um strauma og stefnur sem hafa áhrif á ferðamenn morgundagsins og hvernig þeir tengjast ferðapjónustu á Íslandi.

Victoria Foster, forstöðumaður hjá Trendwatch, flutti erindi ásamt Magnúsi Orra Schram, ráðgjafa hjá Capacent. Fundarstjóri var Inga Hlín Pálsdóttir hjá Íslandsstofu.



Helga Björk Eiríksdóttir.



Fundurinn var haldinn í Hörpu.

Morgunblaðið/Arni Sæberg



Áshildur Bragadóttir, forstöðumaður Höfuðborgarstofu.

## SPROTAR

# Hampa efni- legum tækni- fyrirtækjum

Ásgeir Ingvarsson  
ai@mbl.is

Deloitte á Íslandi efni-  
legur fyrsta sinn til Fast 50. Verk-  
efnið kortleggur hraðvaxt-  
arfyrirtæki og þykir greiða  
leiðina að fjárfestum.



Haraldur I. Birgisson segir ýmis tækifæri felast í Fast 50 verkefninu.

Í ár tekur Deloitte á Íslandi í fyrsta skipti þátt í verkefninu Deloitte Technology Fast 50. Mætti lýsa Fast 50 sem eins konar keppni, en þó umfram allt sem alþjóðlegum vettvangi til að vekja athygli á efnilegum tækniyrirtækjum í örum vexti.

Haraldur I. Birgisson er lögfræðingur hjá Deloitte og einn af þeim sem halda utan um verkefnið. Segir hann að Fast 50 hafi orðið til í Bandaríkjunum árið 1995 en í dag efna skrifstofur Deloitte víðsvegar um heiminn ár hvert til þessa vals á framúrskarandi tækniyrirtækjum. „Með Fast 50 erum við að birta lista yfir þau tækniyrirtæki í hverju landi sem sýna tölurverða veltuaukningu á því tímabili sem horft er til. Skoðum við þróunina hjá fyrirtækjunum undanfarin fjögur ár og erum í reynd að kortleggja hraðvaxtarfyrirtækin í tæknigeiranum.“

### Fyrirtæki sem eru að springa út

Að sögn Haralds eru það fyrirtækin sjálf sem þurfa að hafa frumkvæði að því að skrá sig. Skráningin er ókeypis og þarf aðeins að láta fylgja með grunnupplýsingar um reksturinn, þar á meðal um veltutölur undanfarinna ára. „Á Evrópsvæðinu er sú lágmarkskrafa gerð í keppninni í ár að veltan á síðasta ári hafi verið að lágmarki 800.000 evrur, og 50.000 evrur árið 2011. Skráningu er núna lokið en hún fór fram á heimasíðu verkefnisins, Fast50.is.“

„Fyrirtækin sem tilnefnd eru þurfa að vera tækniyrirtæki sem þróa sína eigin tækni og er stjórnað frá Íslandi. Að öðru leyti eru allir velkomnir,“ útskýrir Haraldur.

Verkefnið Rising Star er haldið samhliða Fast 50 en þar er kastljós-  
inu beint að fyrirtækjum sem eru mjög efnileg þótt veltutölurnar séu

ekki orðnar þær sömu og í Fast 50-  
hópnum: „Við erum þar að horfa til  
grasrótaráttarinnar og skoðum fyrirtæki  
yngri en fjögurra ára með veltu yfir  
10.000 evrum á síðasta ári, og má þá  
telja styrki með.“

Íslenski markaðurinn er smár í al-  
þjóðlegu samhengi og því ósennilegt  
að takist að tilnefna 50 fyrirtæki að  
þessu sinni. Segir Haraldur að hon-  
um muni þykja gott ef í fyrstu at-  
rennu tekst að setja saman lista með  
fleiri en tíu ört vaxandi fyrirtækjum.

### Vekur athygli fjárfesta

Að lenda á Fast 50 eða taka þátt í  
Rising Star þykir vegtylla og segir  
Haraldur að frumkvöðlar erlendis  
verði oft varir við að þessi fjöður í  
hattinn vekji athygli hjá fjárfestum.  
Þá fá þeir allra fremstu hér heima að  
funda með fjárfestum á Entrepre-  
neur Summit í Dallas síðar á árinu.  
„Par eyða fulltrúar fyrirtækjanna  
heilum degi á einkafundum með fjár-  
festum. Einnig hafa tveir bandarísk-  
ir sjóðir, TA Associates og ABRV  
Partners, boðist til að ræða við fyr-  
irtæki sem þeir velja úr röðum þátt-  
takenda í Fast 50 eða Rising Star,  
með það fyrir augum að veita þeim  
ráð um næstu skref,“ útskýrir Har-  
aldur.

Deloitte á Íslandi birtir Fast 50-  
listann föstudaginn 23. október næst-  
komandi, á viðburði sem Haraldur  
vonar að verði hér eftir uppskeruhá-  
tíð tæknigeirans. Par munu einnig  
nokkrir Rising Star-þátttakendur  
kynna fyrirtæki sín. Skráning á við-  
burðinn fer fram í gegnum netfangið  
fast50@deloitte.is.

## VISTASKIPTI

### Kristján í skuldabréfamíðlun



**Landsbankinn**  
Kristján Ágústsson  
hefur verið ráðinn til  
Markaða Lands-  
bankans þar sem  
hann mun starfa við

skuldabréfamíðlun. Kristján, sem kemur frá Framtakssjóði Íslands, hefur mikla reynslu af störfum á fjármálamörkuðum. Hann vann við miðlun hjá Íslandsbanka, í einkabankapjónustu hjá Kaupþingi í Lúxemborg og í einkabankapjónustu Banque Havilland. Kristján er með BSc-gráðu í viðskiptafræði frá HÍ og hefur lokið prófi í verðbréfamíðlun.

### Nýr ráðgjafi í mannauðsmálum



**Attentus Dagmar**  
Viðarsdóttir hefur  
gengið til liðs við  
Attentus - mannauð  
og ráðgjöf sem ráð-  
gjafi. Dagmar hefur

viðtæka reynslu á sviði mannauðs-  
mála og kemur til Attentus frá Lagardere Travel Retail þar sem hún var mannauðsstjóri. Hún starfaði áður sem mannauðsstjóri hjá Ís-  
lenskum aðalverktökum.

Dagmar hefur MSc-gráðu í mannauðsstjórnun frá HÍ, BSc í viðskiptafræði frá sama skóla og lauk námi í rekstrarfræði frá HR.



## AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR SKODA

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Skoda.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.
- Bílson hefur gæðavottun Bílgreinasambandsins með gæðaúttekt frá BSI á Íslandi auk starfsleyfis til endurskoðunar frá Samgöngustofu.



Við leitumst við að vera samstiga því besta í Evrópu.  
Komið, sjáið og sannfærist.

**BÍLSON**  
- VERKSTÆÐI -  
Kletthálsi 9 • Sími 568 1090